



Fyrirspurn

Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs
Efni: Fyrirspurn um að birtingu fjárhagsáætlunar í Kauphöll

Áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi fyrirspurn á fundi borgaráðs þann 3. desember 2020 um birtingu fjárhagsáætlunar í Kauphöll:

„Hingað til hefur efni fjárhagsáætlunar ekki verið gert opinbert fyrr en við kynningu borgarstjóra á borgarstjórnarfundum klukkan 14:00 þegar fjárhagsáætlanir og efni þeirra er kynnt. Borgarfulltrúar sem hafa fengið gögnin afhent fyrir þann tíma hafa fengið fyrirmæli um að samkvæmt reglum Kauphallar Íslands sé nauðsynlegt að fulls trúnaðar sé gætt á efni fjárhagsáætlunar 2021 og fimm ára áætlunar 2021-2025 og tillögum um tekjur og lántökur ásamt greinargerðum sem fylgja. Helst þessi trúnaður þar til borgarstjóri hefur með formlegum hætti gert fjárhagsáætlanir og fylgigögn opinber. Nú voru breytingar gerðar á birtingu gagna í Kauphöll og var það birt einni klukkustund áður en fundur borgarstjórnar hófst. Þá var trúnaði aflétt. Á sama tíma hafði meirihlutinn boðað til fréttamannafundar um efni fjárhagsáætlunar. Fulltrúi sósíalista lagði til þann 19. nóvember að efni fjárhagsáætlana yrði birt í Kauphöll fyrr en það svo að þeir fulltrúar sem eru einungis með einn fulltrúa í borgarstjórn gætu deilt efninu með varaborgarfulltrúum og svo að Reykvíkingar allir geti með virkari og gegnsæri hætti komið að vinnslu áætlunarinnar. Sú tillaga hefur ekki hlotið afgreiðslu. Voru gögnin send Kauphöll fyrr þetta árið en venja er svo að meirihlutinn gæti haldið fréttamannafund um efni fjárhagsáætlana? Eða lá önnur ástæða að baki þess?.“

Fjármála- og áhættustýringarsviði hefur verið falið að svara ofangreindri fyrirspurn.

Svar:

Í fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun eru lagðar fram ítarlegar fjárhagslegar upplýsingar um rekstur og stöðu borgarinnar ásamt sýn borgarstjórnar og áformum til næstu ára. Birting fjárhagsáætlunar og opinber kynning er undirbúin í samstarfi skrifstofu borgarstjórnar og borgarritara og fjármála- og áhættustýringarsviðs. Kynningar á fjárhagsáætlun hafa farið fram með mismundi hætti á síðustu árum, oftast þó með þeim hætti að haldinn hefur verið fréttamannafundur skömmu fyrir framlagningu í borgarstjórn eða síðar sama dag og hún er lögð fram. Ákvörðun um að efna til fréttamannafundar hefur verið tekin með hliðsjón af tilefni hverju sinni.

Að þessu sinni var ákveðið að efna til fréttamannafundar fyrir framlagningu frumvarpsins, í ljósi mikilla efnahagslegra áhrifa heimsfaraldurs kórónaveiru á stöðu borgarinnar og fjármál hennar. Það var mat þeirra sem að málinu komu að tilefnið væri ærið. Í ljósi 122. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 og annarra ákvæða um birtingu og miðlum innherjaupplýsinga er mikilvægt að opinber birting fari fram áður eða eigi síðar en fréttamannafundur um frumvarp Reykjavíkurborgar að fjárhagsáætlun hefst, til þess að koma í veg fyrir að fréttir birtist í fjölmiðlum áður en upplýsingar eru birtar í Kauphöll.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.